

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Apóteks Austurlands.**

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Apóteks Austurlands, Seyðisfirði, vera fyrst um sinn sem hér segir:

Mánudaga — föstudaga kl. 12—13
og kl. 15—18

Laugardaga kl. 10—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 6. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 29. júlí 1976.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Almar Grimsson.

Nr. 315.

1. júlí 1976.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bannað verður að leggja bifreiðum við Blómvallagötu að vestanverðu frá suðurgafli hússins Blómvallagötu 10 að Brávallagötu.
2. Umferð ökutækja annarra en strætisvagna í vinstri beygju af Grensásvegi til austurs í Sogaveg verður bönnuð.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. júlí n.k.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 1. júlí 1976.

Sigurjón Sigurðsson.